

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 12. ágúst 2026, klukkan 16:30 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Ráðningarsamningur oddvita
Ráðningarsamningur er samþykktur og undirritaður.
2. Erindi um skjöl Karls Karlssonar.
Hreppsnefndin hafnar erindinu.
3. Erindi frá Jóni Eiríkssyni.
Oddvita falið að óska eftir nánari gögnum um málið.
4. Vinnslutillaga vegna aðalskipulags Tjörneshrepps 2023-2035.
Lögð er fram vinnslutillaga vegna heildarendurskoðunar Aðalskipulags Tjörneshrepps 2023-2035. Tillagan samanstendur af aðalskipulagsuppdretti, greinargerð og umhverfisskýrslu. Skipulagslýsingin fyrir endurskoðun aðalskipulagsins var samþykkt í hreppsnefnd 8. apríl 2022 og kynnt í framhaldinu. Opið var fyrir athugasemdir frá 27. apríl til og með 10. júní 2022. Á sama tíma var skipulagslýsingin send til umsagnar. Íbúafundur var haldinn að Sólvangi á Tjörnesi 2. júní 2022 þar sem skipulagslýsingin var kynnt og fjallað var um gerð aðalskipulagsins. Á kynningartímanum bárust athugasemdir frá 17 aðilum, þ.e. tíu umsagnaraðilum og sjö athugasemdir frá almenningi. Hreppsnefnd samþykkir að kynna vinnslutillöguna í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan verði kynnt í fimm vikur í skipulagsgátt og jafnframt auglýst á vef hreppsins.
5. Erindi frá Stefáni Jóni Hafstein
Hreppsnefnd samþykkir að veita 500.000 króna styrk til verkefnisins.
6. Viðhaldsverkefni í Sólvangi
Oddvita falið að hafa samband við Ljósorku varðandi birtuselluverkefni á þaki Sólvangs.
7. Erindi frá Elísabetu Gunnarsdóttur.
Sækir um styrk vegna þátttöku í Heimsmeistaramóti bc hunda í Skotlandi. Hreppsnefnd samþykkir styrk upp á 120.000 krónur.
8. Tilnefning í stjórn Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.
Kátý Bjarnadóttir tilnefnd í stjórn MMP.

Fleira ekki gert og fundið slitið 18:00.

Kátý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson
Jón Gunnarsson
Smári Kárasen